

Málsnr: 215020197
Skjalasafn Ráðhúss

12. feb. 2018

Brefalýkill: 3580



Reykjavíkurborg
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
Ráðhúsi Reykjavíkurborgar
150 – Reykjavík

05.02.2018

Varðar: Þjóðarleikvangur í Laugardal fyrir frjálssar íþróttir

Um leið og stjórn Frjálssíþróttasambands Íslands (FRÍ) þakkar fund borgarstjóra og fulltrúa stjórnar FRÍ 19. október síðastliðinn um málefni þjóðarleikvangs fyrir frjálssar íþróttir þá ítrekar stjórn FRÍ ályktun sína frá 1. nóvember 2017 „*Frjálssíþróttasamband Íslands fagnar allri umræðu um framtíð þjóðarleikvangs fyrir íþróttir í Laugardal. Gleðiefni er að sjá fram á tímabæra aðkomu ríkisvaldsins og um leið Reykjavíkurborgar að þjóðarleikvangi í nokkrum af höfuðíþróttum okkar Íslendinga. Laugardalsvöllur er nú heimavöllur Íslands í frjálssíþróttum, alþjóðlegur keppnisvöllur, sem og í knattspyrnu. Ljóst er að samtal um framtíð þjóðarleikvangs, sem uppfyllir alþjóðlegar keppniskröfur, fyrir frjálssíþróttir í Laugardal þarf að eiga sér stað áður en lengra er haldið um breytingar á Laugardalsvelli. Frjálssíþróttasamband Íslands er alltaf tilbúið í slíkt samtal og skorast ekki undan lausnarmiðuðum viðræðum öllum íþróttum á Íslandi til heilla.*“

Í framhaldi af skipan starfshóps þann 11. janúar 2018 á vegum stjórnvalda, ríkis og borgar, ásamt Knattspyrnusambandi Íslands, þá telur stjórn FRÍ einsýnt að skipa þarf þegar starfshóp ríkis og borgar með FRÍ til að leita lausna á málefnum þjóðarleikvangs fyrir frjálssar íþróttir í Laugardal.

Stjórn FRÍ lítur svo á að með þeirri stefnumörkun sem endurspeglar sig í forhönnun og forsendum mannvirkja fyrir knattspyrnu í þeirri forvinnu sem starfshópur þjóðarleikvangs í knattspyrnu í Laugardal mun byggja á, þá séu mannvirkjamál frjálssra íþróttar í algjörrri óvissu til framtíðar. Laugardalsvöllur í núverandi mynd sem keppnisvöllur í frjálssíþróttum mun vera aflagður.

Mikilvægt er að stjórnvöld, ríki og borg, skipi umræddan starfshóp hið fyrsta til að leita leiða að meta framtíðarmöguleika á uppbyggingu þjóðarleikvangs á alþjóða mælikvarða fyrir frjálssar íþróttir í Laugardal.

Með samstarfskveðju, f.h. stjórnar FRÍ

Freyr Ólafsson, formaður FRÍ

Samrit: Lilja Dögg Alfredsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.